

**198. fundur Skóla- og frístundaráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
7. september 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Gísladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

Sameiginlegur fundur skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfissviðs. Fundinn sátu eftirfarandi áheyrnarfulltrúar:
Sigurður Arnar Sigurðsson fulltrúi skólastjórnenda, Hrafnhildur Jónsdóttir fulltrúi kennara og Guðrún Gísladóttir fulltrúi foreldra.

1. 2209003 - Grundaskóli - húsnæðismál 2022

Sameiginlegur fundur skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs. Staða húsnæðismála Grundaskóla. Öðrum bæjarfulltrúum en sitja í ráðunum var boðið að sitja fundinn, mætt var Líf Lárusdóttir.

Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóla fór yfir stöðu húsnæðismála skólans vegna þeirra viðgerða sem eru í gangi og verða næstu misserin og þær lausnir sem eru mögulegar í stöðunni.

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði kynnir kostnaðarþætti í tillögum og hvað þarf til svo þær nýtist skólanum.

Erindinu vísað til bæjarráðs.

Áheyrnarfulltrúar yfirgefa fundinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.